

Umsögn dómnefndar

skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara
sem auglýst var laust til umsóknar 28. maí 2010.

Reykjavík 31. ágúst 2010

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, dags. 26. júlí 2010, var þess farið á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 28. maí 2010 í Lögbirtingablaði. Um embættið sóttu þau Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari, Viðar Már Matthíasson prófessor og Þorgeir Örlygsson dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Fer umsögn dómnefndarinnar um þau hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 um dómstóla kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur sett reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma

og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan.

Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf sem laust er til umsóknar standa opið jafnt konum og körlum. Í 1. mgr. 24. gr. laganna er kveðið svo á að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. sömu laga telst það bein mismunun þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður.

Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. sömu laga telst það á hinn bóginn óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Í 1. mgr. 26. gr. laganna er síðan enn áréttað að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuáðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Þá ber þess að geta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf, ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karlmaður, sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma Hæstaréttar H 1993:2230, H 1996:3760, H 1998:3599 og H 2006:4891. Á þetta sjónarmið reynir að mati nefndarinnar við ákvörðun ráðherra hafi nefndin metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaðkvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndarinnar

Hinn 29. júlí 2010 ritaði dómnefnd umsækjendum bréf og gaf þeim færi á að koma að frekari upplýsingum um sig í ljósi nýsettra reglna nr. 620/2010, en í 4. gr. þeirra koma þau sjónarmið sem mat dómnefndar á m.a. að byggjast á. Þess var jafnframt óskað að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæðu fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við

sérstakt hæfi dómnefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi dómnefndarmanna í máli þessu.

Samkvæmt reglum nr. 620/2010 á dómnefnd að meta hæfni umsækjenda m.a. með tilliti til starfsreynslu. Af þessu tilefni óskaði dómnefndin eftir því með bréfi, dags. 29. júlí 2010, til skrifstofustjóra Hæstaréttar Íslands að fá staðfestar upplýsingar um í hve mörgum málum umsækjendur hefðu verið kallaðir til sem varadómarar við Hæstarétt Íslands. Svör bárust frá skrifstofustjóra Hæstaréttar Íslands með bréfi, dags. 3. ágúst 2010. Þar kemur fram að Sigrún Guðmundsdóttir hefur aldrei verið varadómari. Á tímabilinu frá 1. september 2007 til dagsins í dag hafa Sigríður Ingvarsdóttir og Þorgeir Örlygsson verið varadómarar einu sinni. Frá 1. september 2007 til 31. desember 2008 var Viðar Már Matthíasson sex sinnum varadómari, en frá þeim tíma hefur hann verið settur hæstaréttardómari.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis óskaði dómnefndin eftir því við stjórnendur á núverandi vinnustöðum þeirra að þeir veittu upplýsingar um og legðu mat á hvernig hæfni umsækjanda horfði við í ljósi þeirra sjónarmiða sem fram koma í 3. til 5. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Var forseta Hæstaréttar Íslands, forseta EFTA dómstólsins og dómstjóranum í Reykjavík rituð bréf af þessu tilefni hinn 29. júlí 2010. Svör bárust frá forseta Hæstaréttar Íslands með bréfi, dags. 3. ágúst 2010, frá forseta EFTA dómstólsins 9. ágúst 2010 og frá dómstjóranum í Reykjavík 11. ágúst 2010.

Með bréfi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, dags. 26. júlí 2010, var þess farið á leit við dómnefndina að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 28. maí 2010 í Lögbirtingablaði. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr.

620/2010, sbr. 8. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá 26. júlí 2008 og var til 7. september 2010.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda en 5 kafla hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

Sigríður Ingvarsdóttir er fædd í Reykjavík 18. júlí 1949 og er því 61 árs að aldri. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1970, stúdentsprófi frá sama skóla 1971 og embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1977. Hún var við framhaldsnám við Kaliforníuháskóla í Los Angeles í Bandaríkjunum 1979 til 1980 og lauk þaðan meistaraprófi í samanburðarlögfræði. Hún starfaði sem fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi frá 1977 til 1984, en var héraðsdómari í sama umdæmi frá þeim tíma til 1992. Frá árinu 1992 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Frá 1984 til 1988 og aftur 2005 til 2006 svo og 2009 sinnti hún nokkurri kennslu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og 1985 til 2000 við lagadeild sama skóla, svo og við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005 til 2008. Hún hefur verið prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2002. Árin 2008 og 2010 sinnti hún kennslu á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á námskeiði til undirbúnings prófs til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður um kröfugerð í einkamálum. Á árunum 1986 til 1991 og 1993 til 1997 var hún formaður Barnaverndarráðs, en varaformaður 1991 til 1992. Hún hefur tvívegis verið formaður nefndar, sem samdi lagafrumvarp, en 1998 til 2004 átti hún sæti í dómnefnd um héraðsdómaraembætti. Hún var 2004 í hópi þriggja fulltrúa Íslands sem tilnefndir voru til setu í Mannréttindadómstóli Evrópu. Meðal félagsstarfa, sem umsækjandinn getur um, er seta í stjórn Íslandsdeildar Amnesty International, þar af formennska um tveggja ára skeið, og í stjórn Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands í þrjú ár. Þá hefur hún einnig tekið þátt í þremur þingum Alþjóðasambands dómara auk þess sem hún sótti ráðstefnu í Barcelona á Spáni í september 1997 hjá International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect. Í umsókninni er greint frá 18 ritverkum umsækjandans um lögfræðileg efni, auk

meistaraprófsritgerðar, en þar af hafa flest ritverkin birst í íslenskum lögfræðibókum eða tímaritum. Er þar m.a. fjallað um dómsvaldið og dómstóla, réttarfar og lög er varða börn og barnavernd. Auk þess getur umsækjandinn um 16 fyrirlestra og erindi, sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

Sigrún Guðmundsdóttir er fædd á Akureyri 6. desember 1956 og er því 53 ára að aldri. Hún lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1976 og embættisprófi í lögfræði 1982. Hún stundaði nám við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn 1987 til 1988 í reikningshaldi og endurskoðun og lauk þriggja missera rekstrar- og viðskiptanámi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands 1997. Þá hefur hún sótt nokkur endurmenntunarnámskeið. Hún hlaut réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi 1987 og fyrir Hæstarétti 1991. Hún var fulltrúi hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sumarið 1982, lögfræðingur á Skattstofu Reykjavíkur 1983 til 1985, hjá ríkisskattstjóra 1985 til 1987 og hjá ríkisendurskoðun í tvo mánuði 1988. Frá 7. október 1988 starfaði hún sem lögmaður við embætti ríkislögmanns. Um rúmlega nítján mánaða skeið á árunum 2001 til 2002 var hún settur skrifstofustjóri Hæstaréttar. Árið 1996 var hún skipuð í nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Hinn 1. september 2004 var hún skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur gegnt því síðan. Frá 2006 til 2009 var hún varamaður í prófnefnd til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður og hefur verið aðalmaður frá ágúst 2009. Hún hefur átt sæti í ritstjórn afmælisrits og flutt nokkra fyrirlestra í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík um praktísk atriði varðandi munnlegan málflytning í einkamálum.

Viðar Már Matthíasson er fæddur 16. ágúst 1954 og er því 56 ára að aldri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörnina 1974, en embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1979. Hann hefur dvalið samanlagt í tæplega fimm ár við framhaldsnám og rannsóknir við erlenda háskóla. Hann lagði stund á framhaldsnám og rannsóknir í samningarétti og kröfurétti við Institutt for Privatrekt við lagadeild Oslóarháskóla 1979 til 1981. Hann hefur lagt fram staðfestingu á innritun, framhaldsnámi og rannsóknum sínum við Oslóarháskóla sem „gjesteforsker med stipendium“ auk þess sem hann hefur lagt fram umsögn leiðbeinanda síns. Þá lagði Viðar stund á rannsóknir í fasteignarétti við Institutet för fastighetsrättslig forskning

við lagadeild Uppsalaháskóla 1995 til 1996, í gjaldþrotaskiptarétti við Juridisk institut við Árósaháskóla 1998, í skaðabótarétti 2000 við sama háskóla, í fasteignarétti í janúar og febrúar 2002 við Institutet för fastighetsrättslig forskning við Uppsalaháskóla, í skaðabótarétti við lagadeild Cambridgeháskóla í Englandi haustmisserið 2003 og í kröfurétti haustmisserið 2006 (fimm virka vinnumánuði í hvort sinn) við sama háskóla. Hann var settur dómari við Hæstarétt þrjú tímabil, samtals í 23 mánuði, þ.e. frá 15. janúar 2000 til 29. febrúar sama ár, frá 15. janúar 2001 til 28. febrúar sama ár og frá 1. janúar 2009 til 31. ágúst 2010. Hann hefur einnig átt sæti í gerðardómsmálum. Hann hefur lengst af starsferli sínum sinnt lögmannsstörfum. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu um tíma 1979 og síðan frá 1981 til 1985, en frá þeim tíma rak hann lögmannsstofu með öðrum til 1996. Hann hlaut málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður 1982 og sem hæstaréttarlögmaður 1988. Viðar Már var stundakennari með hléum í ýmsum greinum fjármunaréttar og réttarfars við lagadeild Háskóla Íslands frá 1983 til 1995 og prófessor frá 1. ágúst 1996. Hann hefur kennt á mörgum námskeiðum vegna endurmenntunar lögfræðinga og þó einkum lögmannna. Á árunum 1987 til 1995 var hann prófdómari í ýmsum greinum fjármunaréttar við lagadeild Háskóla Ísland. Samhliða aðalstarfi hefur Viðar Már gegnt ýmsum aukastörfum. Hann var ritstjóri Lagasafns Íslands frá október 1999 til 2007 og Ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 2005. Hann var formaður ritstjórnar Íslenskrar lögfræðiorðabókar sem út kom á árinu 2008 og ritstjóri tveggja annarra rita á sviði félags- og lögvísinda. Þá situr hann í ráðgjafarnefnd ritraðarinnar Scandinavian Studies in Law, sem gefin er út í Stokkhólmi, og á sæti í norrænni tengslanefnd fyrir tímaritið Tidsskrift for Rettsvitenskap, sem gefið er út í Osló. Þá var hann formaður nefndar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 1997 til 2001 og frá október 2004 formaður úrskurðarnefndar samkvæmt 19. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Hann hefur átt sæti í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp, en einnig hefur honum verið falið að semja nokkur frumvörp, ýmist einum eða með öðrum. Frá 1991 hefur hann setið í réttarfarsnefnd. Hann átti sæti í prófnefnd löggiltra fasteignasala 1987 til 1995 og vísindanefnd háskólaráðs 1997 til 2000 og var formaður bókasafnsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands 1996 til 2003. Hann hefur

verið formaður stjórnar Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 2003, formaður svokallaðrar yfirtökunefndar frá 2005 og varaforseti lagadeildar Háskóla Íslands frá haustinu 2005 til 2007. Þá var hann í stjórn Lögmannafélags Íslands frá 1988 til 1990 og hefur verið í stjórn Íslandsdeildar norrænu lögfræðingaþinganna frá árinu 2001. Í skrá sem fylgir umsókninni er greint frá sex bókum, 40 ritgerðum, bókarköflum og greinum í ýmsum fæðiritum og tímaritum, þar af einni sem rituð er með öðrum, og átta öðrum ritum um lögfræðileg efni. Ritverkin eru einkum á sviði samningaréttar, skaðabótaréttar, fasteignakauparéttar, réttarfars, kröfuréttar og gjaldþrotaréttar.

Þorgeir Örlygsson er fæddur 13. nóvember 1952 og er því 58 ára að aldri. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1973, en embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1978. Hann lauk meistaraprófi í þjóðarétti og alþjóðlegum einkamálarétti frá lagadeild Harvard háskóla í Bandaríkjunum 1980. Þorgeir stundaði rannsóknir á kennslu- og fræðasviðum sínum við erlenda háskóla. Tvívegis var hann við rannsóknir í eignarétti, kröfurétti og hugverka- og auðkennarétti við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla (samtals 6 mánuði), á sviði veðréttar og kröfuréttar við lagadeild háskólans í Aþenu í Grikklandi (6 mánuðir), og í veðrétti og eignarétti við lagadeild ríkisháskólans í Berkeley í Kaliforníu í Bandaríkjunum (8 mánuðir). Á árunum 1978 til 1982 starfaði hann sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, 1982 til 1984 sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara og 1984 til 1986 dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Hann var borgardómari í Reykjavík 1986 til 1987. Þorgeir var prófessor við lagadeild Háskóla Íslands 1986 til 1999 og voru kennslugreinar hans kröfuréttur, eignaréttur, veðréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur og raunhæf verkefni. Þá hafði hann um tíma umsjón með kennslu í vörumerkja-, einkaleyfa- og samkeppnisrétti. Á árunum 1994 til 1996 var hann deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og varaforseti háskólaráðs frá 1995 til 1996. Þá var hann settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 til 2003, en frá þeim tíma hefur hann starfað sem dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Hann var settur bæjarfógeti á Siglufirði hluta sumars 1981, í Vestmannaeyjum hluta sumars 1986 og setudómari við ýmsa héraðsdómstóla á þeim tíma er hann gegndi störfum í borgardómi Reykjavíkur. Á árunum 1996 til 1999 var hann settur umboðsmaður Alþingis í nokkrum málum. Hann samdi fjölda álitsgerða um lögfræðileg álitaefni

fyrir ýmsa opinbera aðila, fyrirtæki og félagasamtök á meðan hann gegndi starfi við lagadeild Háskóla Íslands. Á sama tímabili var hann dómkvaddur sem matsmaður í fjölda mála. Þá sat hann í landskiptanefndum, meðal annars sem formaður, og oft í gerðardómum. Þorgeir hefur gegnt ýmsum aukastörfum í stjórnslu. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1982 til 1985 og var á árunum 1982 til 1984 í vinnuhópi sem vann að samningu norræns frumvarps til laga um lausafjárkaup. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 til 1990, formaður tölvunefndar 1986 til 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 til 1999, formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál 1995 til 1996, formaður laganefndar háskólaráðs Háskóla Íslands 1995 til 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 til 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamíðlara 1989 til 1992, í kjaranefnd 1993 til 1997, í stjórn Hapdrættis Háskóla Íslands 1994 til 2003 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 til 2003. Hann átti sæti í samráðsnefnd sem fjallaði um gerð tvísköttunar- og fjárfestingarsamninga 1999 til 2003. Á árunum 1998 til 2002 var hann varamaður í óbyggðanefnd, varamaður í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands 2000 til 2005 og varafulltrúi Íslands í bankaráði Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 1999 til 2003. Þorgeir kenndi kröfurétti við lagadeild Háskólans á Bifröst 2008 og var skipaður í fagráð Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík árið 2009. Þorgeir hefur verið formaður í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp, en einnig hefur honum verið falið að semja nokkur frumvörp, ýmist einum eða með öðrum. Þorgeir er höfundur og meðhöfundur fimm útgefinna bóka á sviði lögfærði og hefur lagt fram eða birt 35 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Um er að ræða fimm greinar og ritgerðir á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar, tvær sem varða EES-samninginn, þrjár á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs, þrettán á sviði samninga- og kröfuréttar og tólf greinar og ritgerðir á sviði eigna- og veðréttar. Hann hefur tekið saman ellefu fjölrituð hefti með efni um lögfræði til kennslu á háskólastigi, þ.e. sjö kennsluhefti á sviði eigna- og veðréttar og fjögur á sviði kröfuréttar. Þorgeir hafði yfirumsjón með þýðingu enskra lagahugtaka í Ensk-Íslenskri orðabók Sörens Sörensso­nar, sem út kom í Reykjavík 1984. Hann hefur átt sæti í ritnefnd þriggja afmælisrita. Auk þess

getur umsækjandinn um 29 fyrirlestra og erindi, sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði og lagt stund á framhaldsnám erlendis að loknu embættisprófi. Tveir þeirra, Viðar Már og Þorgeir, lögðu jafnframt stund á rannsóknir við erlendar menntastofnanir árum saman. Sigríður og Þorgeir, hafa lokið meistaragráðu í lögum við erlenda háskóla.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Sigríður hefur starfað sem héraðsdómari frá árinu 1984 eða í 26 ár og fékkst áður við dómstörf sem fulltrúi í sjö ár. Hún hefur tekið sæti sem varadómari við Hæstarétt í einu máli.

Sigrún hefur verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í rétt sex ár.

Viðar Már hefur verið settur dómari við Hæstarétt þrjú tímabil, samtals í 23 mánuði, þ.e. frá 15. janúar 2000 til 29. febrúar sama ár, frá 15. janúar 2001 til 28. febrúar sama ár og frá 1. janúar 2009 til 31. ágúst 2010. Þá hefur hann verið varadómari í Hæstarétti frá árinu 1996 í yfir 80 málum. Hann hefur einnig átt sæti í gerðardómsmálum.

Þorgeir starfaði í fjögur ár sem dómarafulltrúi, tvö ár sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara, eitt ár sem borgardómari og tæp átta ár við EFTA-dómstólinn. Hann hefur setið sem gerðarmaður í samningsbundum gerðardómum. Að auki hefur hann tekið sæti sem varadómari við Hæstarétt í 21 máli.

Að þessu virtu hefur Sigríður lengsta reynslu af dómstörfum í héraði. Til þess er þó einnig að líta að reynsla Þorgeirs nær bæði til starfa við héraðsdómstól og alþjóðlegan dómstól. Dómarareynsla Viðars Márs er hins vegar aðallega af dómstörfum í Hæstarétti og hefur hann verið settur dómari þar samtals í tæp tvö ár.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Sigrún starfaði frá 1988 til 2004 sem lögmaður við embætti ríkislögmanns. Um rúmlega nítján mánaða skeið á árunum 2001 til 2002 var hún þó settur skrifstofustjóri Hæstaréttar. Sigrún hefur því rúmlega 14 ára starfsreynslu af lögmennsku. Hún hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1987 og fyrir Hæstarétti 1991. Í starfsumsókn er þess getið að látið hafi nærri að hún hafi flutt 130 mál fyrir Hæstarétti á tímabilinu 1992 til 2004.

Viðar Már var fulltrúi á lögmannsstofu í samtals fjögur ár, en sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi að lögmannsstofu í 11 ár. Hann hefur því samtals 15 ára starfsreynslu af lögmennsku. Leyfi til málflutnings hlaut hann 1982 og fyrir Hæstarétti 1988. Í starfsumsókn er þess getið að auk annarra lögmannsstarfa hafi hann flutt mikinn fjölda mála fyrir héraðsdómstólum og Félagsdómi, svo og um 50 mál fyrir Hæstarétti.

Hvorki Sigríður né Þorgeir hafa fengist við lögmannsstörf. Í þessum þætti standa því Sigrún og Viðar Már öðrum umsækjendum frammar.

5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Sigríður var formaður Barnaverndarráðs samtals í níu ár og varaformaður í eitt ár. Hún sat í sex ár í dómnefnd um hæfni umsækjenda um héraðsdómaraembætti. Þá var hún formaður nefndar dómsmálaráðherra, sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis. Hún var jafnframt formaður nefndar sem samdi frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna.

Sigrún var fulltrúi hjá rannsóknarlögreglu ríkisins sumarið 1982, lögfræðingur á Skattstofu Reykjavíkur 1983 til 1985, hjá ríkisskattstjóra 1985 til 1987 og hjá ríkisendurskoðun í tvo mánuði. Árið 1996 var Sigrún skipuð í nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Frá 2006 til 2009 var hún varamaður í prófnefnd til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður og verið aðalmaður frá ágúst 2009.

Viðar Már var í fjögur ár formaður nefndar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 1997 til 2001 og frá október 2004 formaður úrskurðarnefndar samkvæmt 19. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Hann hefur átt sæti í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp. Frá 1991 hefur hann setið í réttarfarsnefnd. Hann átti sæti í prófnefnd

löggiltra fasteignasala 1987 til 1995 og vísindanefnd háskólaráðs 1997 til 2000 og var formaður bókasafnsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands 1996 til 2003. Hann hefur verið formaður stjórnar Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 2003 og formaður svokallaðrar yfirtökunefndar frá 2005.

Þorgeir var settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 til 2003. Á árunum 1996 til 1999 var hann settur umboðsmaður Alþingis í nokkrum málum. Í umsókn hans kemur fram að hann hefur haft með höndum umfangsmikil og fjölbreytt stjórnarsýsluverkefni. Hann hefur átt sæti í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 til 1990, formaður tölvunefndar 1986 til 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 til 1999, formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál 1995 til 1996, formaður laganefndar háskólaráðs Háskóla Íslands 1995 til 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 til 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamíðlara 1989 til 1992, í kjaranefnd 1993 til 1997, í stjórn Happdrættis Háskóla Íslands 1994 til 2003 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 til 2003. Hann átti sæti í samráðsnefnd sem fjallaði um gerð tvísköttunar- og fjárfestingarsamninga 1999 til 2003. Á árunum 1998 til 2002 var hann varamaður í óbyggðanefnd, varamaður í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands 2000 til 2005 og varafulltrúi Íslands í bankaráði Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 1999 til 2003.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að Þorgeir standi fremst að vígi varðandi reynslu af störfum í stjórnarsýslu og vegur þar þyngst reynsla hans af starfi sem ráðuneytisstjóra auk annarrar fjölbreytrar reynslu í stjórnarsýslu.

5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.5.1. *Kennsla og önnur akademísk störf*

Allir umsækjendur hafa sinnt lögfræðikennslu.

Frá 1984 til 1988 og aftur 2005 til 2006 svo og 2009 sinnti Sigríður nokkurri kennslu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og 1985 til 2000 við lagadeild sama skóla, svo og við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005 til 2008. Sigríður hefur verið prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2002.

Sigrún hefur flutt nokkra fyrirlestra í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík um praktísk atriði varðandi munnlegan málflutning í einkamálum.

Viðar Már var stundakennari með hléum í ýmsum greinum fjármunaréttar og réttarfars (gjaldþrotaskiptarétti) við lagadeild Háskóla Íslands frá 1983 til 1995 og prófessor við sömu deild frá 1. ágúst 1996. Hann hefur því gegnt starfi prófessor í 14 ár að frátöldum tæpum tveimur árum sem hann hefur verið settur hæstaréttardómari. Kennslugreinar hans hafa einkum verið á sviði fjármunaréttar, svo sem skaðabótaréttar og kröfuréttar, fasteignakauparéttar og einnig á sviði réttarfars. Viðar Már hefur kennt á mörgum námskeiðum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands vegna endurmenntunar lögfræðinga. Á árunum 1987 til 1995 var hann prófdómari í ýmsum greinum fjármunaréttar við lagadeild Háskóla Íslands.

Þorgeir var settur dósent við lagadeild Háskóla Íslands 1984 til 1996, en gegndi stöðu prófessors við sömu deild frá 1986 til 1999. Hann hefur þannig sinnt lagakennslu í 15 ár, þar af 13 ár í stöðu prófessors og voru kennslugreinar hans kröfuréttur, eignaréttur, veðréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur og raunhæf verkefni. Þá hafði hann um tíma umsjón með kennslu í vörumerkja-, einkaleyfa- og samkeppnisrétti.

Af framansögðu er ljóst að Þorgeir hefur lengsta kennslureynslu. Kennslureynsla Viðars Mús er einnig mjög mikil. Nær reynsla þeirra beggja til svo langs tíma að ekki er sérstök efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja. Standa þeir að þessu leyti frammar öðrum umsækjendum.

5.5.2. *Útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar, ritstjórn o.fl.*

Í umsókn Sigrúnar er þess getið að hún hafi átt sæti í ritstjórn afmælisrits til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur – Guðrúnarbók.

Þrjár umsækjenda hafa sinnt fræðilegum rannsóknum og skrifum á sviði lögfræði en það eru þau Sigríður, Viðar Már og Þorgeir.

Umsókn Sigríðar fylgdi bók sem ber heitið (1) Gagnaöflun í forsjármálum (1996) og hefur hún að geyma sjálfstætt fræðilegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga á því sviði sem það varðar. Nýtur þar langrar dómaraeyslu Sigríðar og rannsókna á þessu sviði. Í umsókn Sigríðar er síðan greint frá 17 ritverkum hennar um lögfræðileg efni, auk meistaraprófsritgerðar, en þar af hafa flest ritverkin birst í íslenskum lögfræðibókum eða tímaritum. Er í mörgum þeirra fjallað um réttarfar, s.s. um valdmörk dómstóla, um sjálfstæði þeirra og traust, meðferð dómsvaldsins, rökstuðning dóma og faglegt mat á hæfni dómaraefna. Þá hefur hún ritað nokkrar greinar er lúta að sönnunarfærslu fyrir dómi s.s. um skýrslutökur af börnum fyrir dómi, læknisfræðileg gögn í dómsmálum og um þýðingu DNA-rannsókna fyrir niðurstöðu dómsmála. Sigríður hefur einnig ritað greinar á sviði stjórnsluréttar um lög um vernd barna og ungmenna, um starfsemi barnaverndarráðs og umdæmaskipan barnaverndarnefnda o.fl. og á sviði barnaréttar. Auk þess getur umsækjandinn um 16 fyrirlestra og erindi, sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

Í skrá sem fylgir umsókn Viðars Mús er greint frá sex bókum sem hann hefur ritað, 40 ritgerðum, bókarköflum og greinum í ýmsum fæðiritum og tímaritum, þar af einni sem rituð er með öðrum, og átta öðrum ritum um lögfræðileg efni. Bækur hans eru: (1) Dómar um fasteignakaup (1996), (2) Fasteignakaup, helstu réttarreglur (1997), (3) Endurheimt verðmæta við gjaldþrot (2000), (4) Skaðabótaréttur (2005), (5) Dómar um fasteignakaup II (2006), (6) Fasteignir og fasteignakaup (2008). Að baki ritum þessum liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og virðist óhætt að fullyrða að bækur þessar á sviði skaðabótaréttar, fasteignakauparéttar og riftunarreglna gjaldþrotalaga hafi að geyma mikið sjálfstætt fræðilegt framlag og hafa þær jafnframt mikla raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga þar sem þær eru óumdeilanlega grundvallarrit á þessum fræðasviðum íslenskrar lögfræði enda

notaðar við kennslu, ráðgjöf, málflutning og dómstörf hér á landi. Þær 40 birtu ritgerðir sem Viðar Már hefur skrifað eru flestar á sviði samningaréttar, skaðabótaréttar, fasteignakauparéttar, kröfuréttar, gjaldþrotaréttar, réttarfars og vinnuréttar. Stakar greinar eru á sviði réttarheimildarfræði, persónuréttar og umhverfisiréttar. Nokkrar af greinunum hafa að geyma mikið fræðilegt framlag til íslensks réttar eins og t.d. grein sú, sem Viðar Már ritaði og ber heitið Um breytingar á III. kafla samningalaga nr. 7/1936 sem birtist í Tímariti lögfræðinga 3. hefti 1986. Hið sama er að segja um ritgerð hans Um vexti og dráttarvexti í lögum og lagaframkvæmd sem birtist í Úlfjótí 1 tbl. 1996 og ritgerðina Bótaábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sem birtist í Tímariti lögfræðinga 3. hefti 1999. Viðar Már var skipaður í ritstjórn og jafnframt ristjóri Lagasafns Íslands frá 1999 til 2007. Hann var ristjóri ritsins Rannsóknir í félagsvísindum IV, lagadeild sem kom út 2003. Hann var ásamt Stefáni Má Stefánssyni ritstjóri Lögbergs, rits Lagastofnunar Háskóla Íslands, sem gefin var út 2003. Þá hefur hann verið ritstjóri að Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands sem hóf göngu sína 2005 en út hafa komið átta rit í ritroðinni. Viðar Már var formaður ritstjórnar Íslenskrar lögfræðiorðabókar, sem unnið var að á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands og kom út á 100 ára afmæli lagakennslu á Íslandi haustið 2008, en ritstjóri ritsins var Páll Sigurðsson prófessor. Þá á Viðar Már sæti í ráðgjafanefnd ritraðarinnar Scandinavian Studies in Law, sem gefin er út í Stokkhólmi og á sæti í tengslanefnd tímaritsins Tidsskrift for Rettsvitenskap sem gefið er út í Osló.

Þorgeir er höfundur og meðhöfundur fimm útgefina bóka á sviði lögfræði. Þær eru (1) Þinglýsingar – Mistök í þinglýsingum – Réttarreglur. (1993). (2) Einkaleyfaréttur (1997) samið ásamt Jóni L. Arnalds. (3) Veðréttur (2002) (4) Kauparéttur – Skýringar á lögum um lausafjárkaup og neytendakaup. (2007) Ásamt Áslaugu Árnadóttur og Stefáni Má Stefánssyni samkvæmt nánari verkaskiptingu, sem grein er gerð fyrir í formála ritsins. (5) Kröfuréttur I – Efndir kröfu (2009). Samið ásamt Benedikt Bogasyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Að baki ritum þessum liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og virðist óhætt að fullyrða að bækur þessar á sviði þinglýsinga, veðréttar, kröfuréttar, kauparéttar og einkaleyfa hafi að geyma mikið sjálfstætt fræðilegt framlag og hafa þær jafnframt mikla raunhæfa þýðingu

fyrir störf lögfræðinga þar sem þær eru óumdeilanlega grundvallarrit á þessum fræðasviðum íslenskrar lögfræði enda notaðar við kennslu, ráðgjöf, málflutning og dómstörf hér á landi. Til þess er hins vegar litið að Þorgeir hefur ekki ritað einn þrjár þessara bóka. Í umsókn Þorgeirs kemur fram að hann hefur lagt fram eða birt 35 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Um er að ræða fimm greinar og ritgerðir á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar, tvær sem varða EES-samninginn, þrjár á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs, þrettán á sviði samninga- og kröfuréttar og tólf greinar og ritgerðir á sviði eigna- og veðréttar. Hann hefur tekið saman ellefu fjölrituð hefti með efni um lögfræði til kennslu á háskólastigi, þ.e. sjö kennsluhefti á sviði eigna- og veðréttar og fjögur á sviði kröfuréttar. Þorgeir hefur birt margar stórar ritgerðir sem byggja á umfangsmiklum rannsóknum um nokkra af helstu grundvallarþáttum kröfuréttarins. Má þar nefna greinarnar sem birst hafa í Tímariti lögfræðinga, Úlfljóti og Bifröst um skuldaraskipti, kröfuhafaskipti, afslátt, skuldajöfnuð, greiðslutíma og greiðslustað, efndir in natura og hlutverk efndabóta. Fleiri greinar, sem Þorgeir hefur ritað, hafa að geyma mikið fræðilegt framlag til íslensks réttar eins og t.d. grein sú, sem hann ritaði um Lögfestingu almennra ógildingarreglu í III. kafla laga nr. 7/1936 sem birtist í Tímariti lögfræðinga 2. hefti 1986 sem og greinin Skráning persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs - Stjórnarskrárvernduð mannréttindi sem birtist í Skæðagrösum, afmælisriti tileinkað Sigurjóni Björnssyni sjötugum 1997. Þá ber þess að geta að Þorgeir hafði yfirumsjón með þýðingu enskra lagahugtaka í Enska-Íslenskri orðabók Sörens Sörenssonar, sem út kom í Reykjavík 1984. Þorgeir hefur átt sæti í ritnefnd þriggja afmælisrita á sviði lögfræði, þ.e. í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2001 í tilefni sjötugsafmælis dr. Gunnars G. Schram, prófessors. Þá átti hann sæti í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2005 í tilefni af 10 ára afmælis EFTA-dómstólsins. Enn fremur átti hann sæti í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2009 í tilefni sjötugsafmælis Björns Þ. Guðmundssonar prófessors. Í umsókn Þorgeirs er getið um 35 fyrirlestra sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Fjórir þeirra voru á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar eða EES samninginn. 11 þeirra voru á sviði eigna- og veðréttar, sex á sviði samninga- og kröfuréttar, og átta á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs.

Viðar Már og Þorgeir hafa afkastað mjög miklu í ritstörfum sínum á sviði lögfræði og hafa báðir ritað bækur sem á sínu sviði teljast til grundvallarrita í íslenskri lögfræði. Að þessu leyti þykja þeir standa öðrum umsækjendum frammar, en á eftir þeim kemur Sigríður. Þeir Viðar Már og Þorgeir hafa báðir stundað umfangsmiklar rannsóknir í lögfræði í langan tíma og vísindalegt framlag þeirra á þessu sviði telst verulegt. Er ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra að þessu leyti.

5.6. Reynsla af stjórnun

Sigríður var, eins og áður segir, formaður Barnaverndarráðs í samtals 9 ár og sat í stjórn Dómarafélags Íslands í 3 ár, auk þess að vera formaður Íslandsdeildar Amnesty International í 2 ár.

Frá 14. maí 2001 til 31. desember 2002 leysti Sigrún skrifstofustjóra Hæstaréttar af í leyfi hans og sá um daglegan rekstur réttarins í umboði forseta hans.

Viðar Már var ritstjóri Lagasafns Íslands frá október 1999 til 2007 og Ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 2005. Hann var formaður ritstjórnar Íslenskrar lögfræðiorðabókar sem út kom á árinu 2008 og ritstjóri tveggja annarra rita á sviði félags- og lögvisinda. Hann átti sæti í prófnefnd löggiltra fasteignasala 1987 til 1995 og vísindanefnd háskólaráðs 1997 til 2000 og var formaður bókasafnsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands 1996 til 2003. Hann hefur verið formaður stjórnar Lagastofnunar Háskóla Íslands frá 2003, formaður svokallaðrar yfirtökunefndar frá 2005 og varaforseti lagadeildar Háskóla Íslands frá 2005 til 2007. Þá var hann í stjórn Lögmannafélags Íslands frá 1988 til 1990 og hefur verið í stjórn Íslandsdeildar norrænu lögfræðingahótelanna frá árinu 2001. Hann getur þess að hann hafi sinnt margs konar stjórnunarstörfum sem meðeigandi að stórri lögmannsstofu í 11 ár, m.a. sem framkvæmdastjóri í eitt ár.

Á árunum 1994 til 1996 var Þorgeir deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og varaforseti háskólaráðs frá 1995 til 1996 og vararektor í eitt ár. Þá var Þorgeir settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 til 2003. Hann var settur bæjarfógeti á Siglufirði hluta sumars 1981 og í Vestmannaeyjum hluta sumars 1986. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1982 til 1985. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 til 1990, formaður

tölvunefndar 1986 til 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 til 1999, formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál 1995 til 1996, formaður laganefndar háskólaráðs Háskóla Íslands 1995 til 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 til 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamíðlara 1989 til 1992, í kjaranefnd 1993 til 1997, í stjórn Happraættis Háskóla Íslands 1994 til 2003 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 til 2003. Hann var varamaður í óbyggðanefnd í fjögur ár og í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands í fimm ár og var varafulltrúi Íslands í bankaráði endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu í London í fjögur ár. Hann var formaður stjórnar Tryggingadeildar útflutningslána í fjögur ár.

Að því er varðar reynslu af stjórnun þykja Viðar Már og Þorgeir standa öðrum umsækjendum framar. Af þeim stendur Þorgeir fremstur og vegur þar þyngst stjórnunarreynsla hans vegna starfs ráðuneytisstjóra.

5.7. Reynsla af öðrum aukastörfum sem nýttast dómaraefni o.fl.

Allir umsækjendurnir hafa samkvæmt umsóknum unnið að verkum í tengslum við undirbúning lagasetningar.

Sigríður hefur verið formaður í tveimur nefndum, sem sömdu lagafrumvörp.

Sigrún hefur átt sæti í einni nefnd sem samdi lagafrumvarp.

Viðar Már hefur setið í tíu nefndum, sem sömdu lagafrumvörp. Ein þeirra, réttarfarsnefnd, sem er föst nefnd, hefur á starfstíma Viðars Máa frá 1991 og síðan samið fjölmörg viðamikil lagafrumvörp. Í fjórum tilvikum hefur hann ýmist verið formaður nefndar eða staðið einn að verki.

Þorgeir hefur setið í 14 nefndum, sem sömdu lagafrumvörp, og hefur verið formaður eða samið frumvarp einn í níu tilvikum.

Samkvæmt þessu hafa Viðar Már og Þorgeir mesta reynslu af viðfangsefnum á þessu sviði. Hvað þá tvo varðar er reynsla þeirra svo rík að ekki verður gert upp á milli þeirra að þessu leyti.

5.8. Almenn og sérstök starfshæfni

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Í umsögnum sem aflað var um umsækjendur, svo sem nánar er að vikið í kafla 3 hér að framan, kemur þetta m.a. fram:

Í umsögn Helga I Jónssonar dómstjóra Héraðsdóms Reykavíkur segir svo um Sigríði Ingvarsdóttur og Sigrúnu Guðmundsdóttur: „Undirritaður hefur gegnt starfi dómstjóra frá 1. júlí 2003 og fylgst með störfum Sigríðar og Sigrúnar frá því hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. september 2004.

Umsækjendurnir hafa að meginstofni til farið með almenn einkamál, en ekki sakamál að öðru leyti en því að þeir hafa oft tekið sæti sem meðdómendur í slíkum málum. Þá hafa þeir báðir verið reglulega á svonefndri rannsóknarvakt þar sem afgreiddir eru rannsóknarúrskurðir í sakamálum og öðrum málum sem sæta meðferð sakamálalaga. Umsækjendur hafa að mati undirritaðs báðir til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Þá hafa þeir verið vinnusamir og skilvirkir í störfum sínum.“

Í umsögn Ingibjargar Benediktsdóttur forseta Hæstaréttar Íslands segir m.a. svo: „Viðar Már hefur reynst afar farsæll í öllum störfum sínum við réttinn. Víðtæk reynsla hans sem prófessors og lögmanns hefur nýst réttinum vel á öllum sviðum. Viðar Már er einstaklega vinnusamur og skilvirkur dómari og hefur til að bera mikla færni í að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setur fram álit sitt á skilmerkilegan og greinargóðan hátt, bæði munnlega og skriflega.“

Í umsögn Dr. Carl Baudenbacher forseta EFTA dómstólsins segir m.a. svo: „Byggt á reynslu minni af 8 ára samstarfi við Þorgeir Örlygsson hjá EFTA dómstólnum þá get ég vottað að hann hefur sýnt algjöra óhlutdrægni og sjálfstæði við að rækja störf sín sem dómari. Hann hefur sýnt skilvirkni í starfi og hefur augljóslega hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. [...] Örlygsson hefur einnig haft frumkvæði og verið skapandi við rækslu starfa sinna. Sem dæmi get ég nefnt að stuttu eftir að hann hóf störf gerði Örlygsson tillögu um breytt innra verklag hjá

EFTA dómstólnum. Tillögur hans voru samþykktar og er verklagið enn við líði. [...] Hjá EFTA dómstólnum fer vinnan fram á ensku og ég get vottað að enska Örlygsson er fullkomin bæði almennt og með tilliti til lagamáls. Ég hef ástæðu til að ætla að hið sama gildi um íslenskukunnáttu hans með tilliti til starfsreynslu hans sem lagaprófessors sem og reynslu hans af stjórnslu og dómsstörfum á Íslandi.“

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi.

Pegar litið er til dóma, sem umsækjendur hafa samið, og umsagna um þá telur dómnefnd að ekki hafi komið fram upplýsingar sem gefi ástæðu til að draga í efa að umsækjendur uppfylli þessi skilyrði.

5.9. Andlegt atgervi

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í umsögn Helga I Jónssonar dómstjóra Héraðsdóms Reykavíkur segir svo um Sigríði Ingvarsdóttur og Sigrúnu Guðmundsdóttur: „Að lokum getur undirritaður staðfest að hann hefur átt góð samskipti við umsækjendurna og að reglusemi þeirra er í engu ábótavant.“

Í umsögn Ingibjargar Benediktsdóttur forseta Hæstaréttar Íslands lætur hún þessi orð falla um Viðar Má: „Hann er ljúfur í umgengni og góður í samvinnu, en þessir kostir hans skipta miklu máli við störf við fjölskipaðan dómstól. Ég gef Viðari Má mín bestu meðmæli.“

Í umsögn Dr. Carl Baudenbacher forseta EFTA dómstólsins segir m.a. svo: „Eftir að hafa unnið með Þorgeiri Örlygssyni í næstu 8 ár get ég vottað að hann á afar auðvelt með mannleg samskipti. Hann hefur verið farsæll í því að forðast árekstra og reynir að leysa ágreining og skoðanamun á sanngjarnan og friðsamlegan máta. Hann

hefur ávallt sýnt samdómendum sínum og skoðunum þeirra kurteisi og virðingu og samskipti hans við undirmenn sína og aðra sem til hans leita einkennast af sanngirni og virðingu. Eins og áskilið er í 5. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 þá fer gott orð af Örylgssyni bæði í hans fyrri störfum og á öðrum sviðum og um reglusemi hans verður ekki efast.“

Að mati dómnefndar hafa ekki komið fram upplýsingar í málinu sem gefa ástæðu til að draga í efa að umsækjendur uppfylli þau skilyrði sem fram koma í 5. tölul. 4. gr. reglna 620/2010.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefndinni ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og besta lögfræðinginn sem sótt hefur um til að gegna starfi dómara við Hæstarétt Íslands. Niðurstaða dómnefndarinnar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda í ljósi þessara sjónarmiða og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera bæði almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur þó gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu.

Í stórum dráttum má leggja starfsreynslu þeirra Sigríðar sem héraðsdómara, Viðars Mús sem prófessors og hæstaréttarlögmanns og Þorgeirs sem prófessors og ráðuneyttisstjóra að jöfnu. Segja má að starfsreynsla Sigrúnar sem hæstaréttarlögmanns og héraðsdómara sé þar sambærileg.


Viðar Már hefur því til viðbótar umtalsverða reynslu sem dómari við Hæstarétt. Þá hefur Þorgeir einnig talsverða reynslu sem dómari við EFTA dómstólinn. Ennfremur hafa þeir báðir verið mikilvirkir á sviði vísindalegra rannsókna í lögfræði og er framlag þeirra beggja á því sviði verulegt og hafa báðir ritað bækur sem á sínu sviði teljast til grundvallarrita í íslenskri lögfræði. Af þeim

sökum teljast þeir að álit dómnefndarinnar hæfastir til að skipa embætti Hæstaréttardómara. Hins vegar þykja ekki efni til að greina á milli hæfni umsækjendanna Viðars Mús og Þorgeirs að þessu leyti.


Ályktarorð:

Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Viðar Már Matthíasson og Þorgeir Örlygsson séu hæfastir til að hljóta embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 28. maí 2010 í Lögbirtingablaði.


Reykjavík, 31. ágúst 2010.



Páll Hreinsson




Allan V. Magnússon



Brynjar Níelsson



Guðrún Agnarsdóttir



Stefán Már Stefánsson